



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
við setningu  
Alþingis  
13. september 2022**

Ágætu alþingismenn!

Ég býð ykkur velkomna til þings og óska ykkur velfarnaðar í vandasömum störfum. Alþingi er nú sett í 153. sinn frá endurreisn þess árið 1845. Ekki voru völd þess mikil þá en nú er öldin önnur. Nú er þingið þungamiðja hins pólitíska valds í landinu. En hvað einkennir öflugt þjóðþing? Hvað gerir þing okkar gott?

Flest viljum við eflaust að þingheimur endurspegli samfélagið í heild sinni, að raddir fjöldans endurómi í þessum sal. Þess vegna var barist fyrir almennum kosningarétti. Þess vegna eru þingmenn ekki lengur konungkjörnir og þess vegna höfum við ekki efri deild ókjörinna þingmanna eins og sums staðar þekkest.

Þannig breytist stjórnskipunin þótt vissulega megi varast að sveiflast um of eftir tíðaranda hverju sinni. En ætíð má ræða hvort grípa þurfi til frekari aðgerða, íhuga ýmsa þætti í grundvelli okkar stjórnskipunar sem lengi hefur verið talin þörf á að endurskoða, reyndar allt frá lýðveldisstofnun ef út í það er farið.

Sterkt þing staðnar ekki, festist ekki í viðjum vanans. Eða eru breytingar kannski til óþurftar? Fortíðarþrár gætir stundum í hugum fólks, jafnvel helst þegar aldurinn færast yfir. Um það get ég sjálfur vitnað. Sumt fannst mér miklu betra í gamla daga og er að sjálfsögðu ekki einn um það. Þannig hef ég heyrt enn eldra fólk segja að borgarbragurinn hér í höfuðstaðnum sé allur annar en í þeirra æsku, allir kynlegu kvistirnir horfnir sem settu sérstakan svip á mannlífið. En þá vitna ég í endurminningar Indriða Einarssonar, frumherja hérlendis í leikritagerð og hagfræði. Árið „1878 voru flestir hinir gömlu sjerkenilegu menn horfnir í Reykjavík“, skrifaði hann.

Fortíðarþrá getur villt okkur sýn, búið til falska mynd, falskar minningar. Sögulegt minni má hins vegar hvetja okkur til dáða, lífga liðna tíð og halda því til haga sem fólk vildi eða vill þótt sitthvað hafi ekki gengið eins og vonir stóðu til. Kannski horfðu einhverjir landsmanna á Verbúðarþættina vinsælu með þeim gleraugum síðasta vetur. Þessari hugsun lýsti Ingibjörg Haraldsdóttir líka svo sterkt í ljóði sínu „Nostalgíu“:

Ég sakna ekki þess sem var  
ég trúi ekki á fegurð  
fortíðarinnar  
en draumanna  
minnist ég með trega  
nú þegar kólnar og dimmir  
og bilið vex  
milli þess sem er  
og þess sem átti að verða.

Já, misskilin fortíðarþrá er eitt, leitandi þekking á þeim þráðum sem tengja hið liðna við nútíð og framtíð allt annað. Þá eflist vilji til að virða það sem vel var gert en einnig vilji til að viðurkenna hitt sem illa fór og hefði mátt missa sín.

Þá eflist einnig vilji til framfara og þá er hollt að minnast merkra tímamóta. Hinn 1. september var hálf öld liðin frá útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 sjómílur. Þar var stigið mikilvægt skref í átt til þess að útlendingar hyrfu af Íslandsmiðum. Þar var háð frekari sjálfstæðisbarátta. Á þessum þingvetri verður síðan liðin hálf öld frá upphafi eldgoss í Vestmannaeyjum, þeim miklu hamförum sem minna okkur á óblíð náttúruöfl hér á landi en einnig á þann samtakamátt sem við búum yfir þegar á þarf að halda.

Sé horft út í heim má geta þeirra ótíðinda að fyrr í ár réðst Rússlandsher inn í Úkraínu. Þar ríkir stríð og hugurinn hvarflar til fyrri átaka. Þótt við Íslendingar færum ekki varhluta af hörmungum seinni heimsstyrjaldar var staða okkar skárri en flestra annarra í álfunni, „með friðsæl býli, ljós og ljóð / svo langt frá heimsins vígaslóð.“ Þannig kvað Hulda um þær mundir en þá sem nú hvílir okkar friður og öryggi á því að aðrar þjóðir njóti einnig friðar og öryggis. Því styðjum við aðild frændþjóða okkar, Finna og Svía, að Atlantshafsbandalaginu. Því styðjum við úkraínska þjóð heils hugar í hennar baráttu.

Ef við horfum áfram út fyrir landsteina urðu þau kaflaskil fyrr í ár að þjóðhöfðingi Stóra-Bretlands hafði setið á veldisstóli í sjö áratugi, Elísabet drottning sem féll frá í síðustu viku. Í ársbyrjun hafði Margrét Danadrottning jafnframt náð þeim áfanga að vera í sínu hásæti í hálfra öld.

Þegar Margrét Þórhildur fæddist árið 1940 var afi hennar konungur Íslands. Eflaust réð það nokkru um að Íslendingar vildu ekki halda í konungdæmi hér á landi að þjóðin skapaði sér sterka minningu um þjóðveldi án konungs, góða minningu um Alþingi hið forna og vondu um einveldi að utan.

Íslensk tunga skipti líka sköpum. Við áttum okkar fornrit á eigin máli, guðsorð og lögbækur, annála, rímur og ýmislegt annað. En allt er í heiminum hverfult. Nú er það svo að Siri í snjallheiminum kann ekki íslensku. Embla okkar er að læra en við verðum fyrir alla muni að tryggja sess íslenskrar tungu í stafrænum heimi. Svo megum við líka rifja upp það sem Stefán Gunnlaugsson landfógeti lét kallara sinn hrópa á götum úti á sínum tíma, að gefnu tilefni sem gildir greinilega enn: „Íslensk tunga á við í íslenskum kaupstað, hvað allir athugi.“

Um leið ættu þau okkar sem eiga íslensku að móðurmáli að vera umburðarlynd í garð þeirra sem hingað flytja og vilja læra málið en ná því ekki á svipstundu og þurfa til þess aðstoð. Á því högnumst við öll og örvæntum ekki. Við getum vel tryggt framtíð íslenskunnar. Vilji er allt sem þarf.

Íslenska er okkar mál og lýðveldið Ísland er traust ríki. En auðvitað er margt sem við getum gert enn betur hér, bætt hag og heilsu fólksins í landinu. Það hlýtur að vera meginmarkmið ykkar, ágætu alþingismenn. Það hlýtur að einkenna gott og öflugt alþingi. Gleymum því þó ekki sem hér hefur áunnist og um víða veröld. Gleymum því ekki að lífslíkur og lífsgæði hafa aukist, frelsi og mannréttindi sömuleiðis. Gleymum því ekki að ný tækni og vísindi geta áfram veitt svör við mörgum vanda, loftslagsvá, farsóttum og öðrum áskorunum.

Heimur batnandi fer. Því má vel halda fram. Í það minnsta var ekki allt betra í gamla daga og ungur lærði ég lífspeki Kristjáns frá Djúpalæk, orta í orðastað músarinnar Pílu Pínu: „Heimurinn er betri en við höldum / Hitt er flest af okkar sjálfra völdum / sem móti blæs og miður fer.“

Ég ítreka óskir til þingmanna um velfarnað í störfum sínum, landi og þjóð til heilla. Að svo mæltu bið ég ykkur öll að minnast fósturjarðarinnar með því að rísa úr sætum.